## 2. Ástandnefndin og störf hennar.

1 blað qto.

Vegna hinna fjölmörgu kvenna eldri en 12 ára og innan sextugs-alders, sem bornar eru hinum óvirðilegustu sökum og grunaðar um lauslæti og ósiðlegt líferni, kunna menn því illa, að þær séu allar undir eina og sömu sök seldar, án allrar undantekningar, þrátt fyrir það, að sjálfsagt má gjöra ráð fyrir því, að mikill meiri hluti þeirra er saklaus í þessum efnum. Nefnd ungra og óreyndra manna er sett á laggirnar, manna, sem að vísu geta verið hinir sæmilegustu hver um sig, en öllum ókunnir og sem fáir þekkja. Nefnd þessi virðist lítið far hafa gert sér með það, að leita upplýsinga ~~og samstarfs~~ hjá þeim, er áður hafa mest um þesskonar mál hafa fjallað eða samstarfs við þá. Og svo virðist sem engin vottfest játning sé fyrir neinu, sem sést af því, að engin nöfn fást birt. Hins vegar virðist engin tregða hafa verið á því, að blöðin fengju skýrslur nefndarinnar til birtingar, með fyrirheiti ~~nú~~, að næsta dag yrði annar þáttur birtur o.s.frv., og svo er ~~ríkis~~ríkisútvarpið látið básúna „heilu historíunni" út um land allt og til erlendra þjóða er til þess ná.

Hvað er hér að gerast? Er þetta ófyrirleitinn flokks-áróður einhverra pólitískra varmenna, sem á þessa lund eru að reyna að sýna fram á það og sanna, að Reykjavík sé siðspillingarbæli hið mesta; þar búi aðeins „skríll og Grimsbylýður". Sé svo, er þetta einn hinn grálegasti leikur gagnvart kvenþjóðinni ~~landsins~~. Hvar eru nú kvenréttindakonur landsins, félög þeirra og stéttarlýður, sem þola það, alveg mótmælalaust, að þannig sé farið með kynsystur þeirra, mæður og börn.

Eða er þetta aðeins unggæðingslegur angurgapaháttur, klaufaskapur og ofstæki? Það hefði áreiðanlega farið betur á því, að um mál þessi hefði verið fjallað í kyrrþey, þangað til órækar sannanir voru fengnar um sekt eða sýknu, vottanleg játning hinna seku fyrir rétti, áður en farið var að gala um þessi mál út um allan heim í útvarpi landsins og auglýsa það meðal innlendra manna og erlendra þjóða, að mikill hluti kvenna höfuðstaðarins séu vændiskonur, svo hundruðum og jafnvel þúsundum skifti, sbr. að 500 muni vera aðeins 20 af hundraði allrar heildarinnar sekar!

Gera má ráð fyrir, að þeir, sem um mál þessi fjalla, séu nú, þegar mesti hvellurinn er þagnaður, að leita einhverra úrbóta og ráða fram úr því og hvað gera eigi. Verði þeir eigi heppnari en það, sem þegar hefir verið aðhafst í máli þessu og eigi betur á spilunum haldið, er víst lítil ástæða til að vona neins góðs af þeim. Almenningi virðist, að eigi sé annað við þetta að gera, úr því sem komið er, en að „leggja spilin á borðið," að nýju. Kröfur kvenna bæjarins, eldri sem yngri, geta eigi verið aðrar en þær, að málið sé rannsakað svo, að engum vafi geti á því leikið, hverjar sekar finnist og það með eigin játningu fyrir rétti. Kaupendurnir eigi [illegible] komist, og mætti því líta svo á, þótt e.t.v. eigi væru þá öll kurl komin til grafar, að hinar séu, án nokkurrar undantekningar, ekki við málið riðnar. Eins og nú stendur, eru þær það allar, stimplaðar sama merkinu; en það nær vitanlega ekki nokkurri átt.